

# Símenntunaráætlun Fjarðabyggðar

## 2006

### Skipulag (óbreytt frá 2005)

Skipulag við gerð, umsjón og eftirfylgni símenntunaráætlunar Fjarðabyggðar sé með þessum hætti:

1. Yfirumsjón með framkvæmd áætlunarinnar í heild er forstöðumaður stjórnsýslusviðs. Honum til aðstoðar er forstöðumaður fræðslusviðs varðandi skipulag og samhæfingu kennslu og áherslna.
2. Stjórnendur. Ábyrgir fyrir gerð, framkvæmd, eftirfylgni og viðhaldi símenntunaráætlunar hver á sínu tilgreinda sviði sbr. yfirlit hér að neðan:
  - 2.1. Forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs. Fjármála- og stjórnsýslusvið.
  - 2.2. Forstöðumaður umhverfissviðs. Umhverfissvið, áhaldahús, verkstæði, sorpstöðvar, meindýraeftirlit, veitur.
  - 2.3. Forstöðumaður félagsþjónustusviðs. Félagþjónustusvið, heimilishjálp, þjónusta við aldraða, fatlaða, húsnæðissvið.
  - 2.4. Forstöðumaður fræðslu- og menningarviðs. Stjórnendur og starfsmenn á menningar- og fræðslusviði eftir því sem við á.
  - 2.5. Bæjarstjóri. Sviðsstjórar, hafnasvið.
  - 2.6. Æskulýðs- og íþróttafulltrúi. Íþróttasvið og stofnanir þess.
  - 2.7. Forstöðumaður safnastofnunar. Safnastofnun og stofnanir sem heyra undir safnastofnun.
  - 2.8. Skólastjóri Grunnskóla Eskifjarðar. Grunnskóli Eskifjarðar, skóladaðheimili.
  - 2.9. Skólastjóri Nesskóla. Nesskóli, skóladaðheimili.
  - 2.10. Skólastjóri Grunnskóla Reyðarfjarðar. Grunnskóli Reyðarfjarðar, skóladaðheimili.
  - 2.11. Leikskólastjóri Sólvalla. Leikskólinn Sólvellir.
  - 2.12. Leikskólastjóri Dalborgar. Leikskólinn Dalborg.
  - 2.13. Leikskólastjóri Lyngholts. Leikskólinn Lyngholt.
  - 2.14. Tónskólastjóri Tónskóla Norðfjarðar. Tónskóli Norðfjarðar.
  - 2.15. Tónskólastjóri Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar í Fjarðabyggð. Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar.
  - 2.16. Slökkviliðsstjóri. Slökkvilið Fjarðabyggðar.
  - 2.17. Framkvæmdastjóri Hulduhlíðar. Hulduhlíð, hjúkrunarheimili.
  - 2.18. Forstöðumaður Náttúrustofu. Náttúrustofa Austurlands

### Fjármögnun áætlunarinnar og markmið

Fjárhagsáætlun hvers árs markar fjárheimild til símenntunar og starfsþróunar starfsmanna og leggur bæjarstjórn fram sínar megináherslur samhliða fjárhagsáætlunargerðinni. Sviðsstjórar og stjórnendur þeir sem ábyrgir er fyrir áætluninni hafa hliðsjón af þeim áherslum og samþætta þær áherslum stofnana og einstaklingsbundinnar starfsþróunar. Þátttaka í endurmenntun sem skilgreind er á þennan hátt og felur að settum markmiðum er skilyrði fyrir persónubundnum launaauka samanber ákvæði kjarasamninga. Endurmenntunin á sér stað í vinnutíma og halda starfsmenn launum eða fá greidda yfirvinnu eftir tilvikum sbr. ákvæði

kjarasamninga. Stjórnendur stofnana sækja um úthlutun til símenntunar fyrir árið og ber að skipuleggja þátttöku starfsmanna innan heildaráætlunar. Hafa ber í huga að ákveðnir kjarasamningar innifela tíma til endurmenntunar, sbr. kjarasamningur grunnskólakennarar o.fl.

### Undirbúningur og framkvæmd

1. Stjórnendur símenntunar gera tillögur samhliða fjárhagsáætlanagerð að stefnumörkun stofnunar og eða sviða og leggja grunn að endurmenntunaráætlun fyrir hvern hóp starfsmanna. Skilgreina almenna þætti símenntunarinnar áður en lengra er haldið. **(í nóvember til desember)**
2. Bæjarstjórn leggur fram áherslur sínar í símenntunarmálum og starfsþróun samhliða aðgerða- og fjárhagsáætlun hvers árs. **(í desember)**
3. Sviðsstjórnendur fara yfir þær áherslur sem fram koma í fjárhagsáætlun og leggja drög að skiptingu fjármuna. (Fundid sé út hlutfall fjármuna sem fer í áherslur bæjarstjórnar, áherslur stjórnenda, starfsþróun einstakra starfsmanna.) Reglur um úthlutun styrkja til einstakra starfsmanna skal höfð til hliðsjónar. **(í janúar)**
4. Áherslur stjórnenda á þætti símenntunarinnar útfærðar með hliðsjón af lið 2 og 3 og tillögur sendar stjórnarsýslusviði. **(í janúar)**
5. Forstöðumenn stjórnarsýslu og fræðslusviðs yfirfara tillögur og leita leiða í að samþætta áætlanir í leit að sparnaði, samræmingu námskeiða og hagræðingu. Unnið í samráði við stjórnendur sem áætlunina unnu. Tillögur lagðar fyrir sviðsráð til staðfestingar. Áætlanir staðfestar og gefnar út. **(í febrúar)**
6. Stjórnendur kynna starfsmönnum endanlega símenntunaráætlun og taka starfsmannaviðtöl. Þeir geta hafið vinnu við starfsmannaviðtöl áður en símenntunaráætlunin er gefin út. **(í lok febrúar, fyrri hluta mars)**
7. Áætlunum hrint í framkvæmd af hverjum og einum stjórnanda sem ábyrgur er fyrir framkvæmd hennar. **(í febrúar)**
8. Símenntunaráætlun kynnt fyrir fagraðum og í heild sinni lögð fyrir bæjarráð til kynningar. **(í lok febrúar)**
9. Unnið er úr viðtölum og starfsþróun einstakra starfsmanna aðlöguð að megináherslum stofnunar eins og kostur er. Starfsmaður fær afrit af eigin símenntunaráætlun. Ef nauðsyn ber til geta forstöðumenn sótt um aukafjárveitingu til einstaklingsbundinnar starfsþróunar. **(í lok mars)**
10. Einstaka óskir um aukafjárveitingu til starfsþróunar starfsmanna eru lagðar fyrir sviðsráð og það deilir út eftirstöðvum þeirra fjármuna sem ekki hefur verið úthlutað. **(apríl – maí)**
11. Símenntunaráætlun stofnunar viðhaldið eftir því sem við á með reglubundnum viðtölum, endurmati, og úrvinnslu gagna. Jafnframt þarf að taka tillit til nýrra starfsmanna á vinnustað. **(símenntunarár hefst í febrúar og lýkur 31. janúar ár hvert)**
12. Stjórnandi metur þátttöku starfsmanna í símenntunaráætluninni og aðvarar þá starfsmenn sem ekki hafa fylgt henni. Bregðist starfsmenn ekki við ábendingu að fylgi settri áætlun geta þeir misst persónubundin símenntunarálög. **(september)**
13. Staðfesting á þátttöku starfsmanna í sí- og endurmenntun stofnunar staðfestir hlutaðeigandi stjórnandi símenntunar og lætur launadeild upplýsingar í té. **(í byrjun desember)**

14. Launafulltrúar yfirfara gögn stjórnenda og uppfæra upplýsingar í launakerfi til samræmis við skýrslu um þátttöku einstakra starfsmanna. Breytingar á launakjörum komi til framkvæmda í janúar. (almenn regla) **(desember)**

**Yfirmarkmið varðandi  
úthlutanir til endurmenntunar  
2006**

**100 % greiðsla Fjarðabyggðar**

**Laun, ferðakostnaður og þáttökugjöld.**

Nám sé metið að fullu starfstengt. Stjórnandinn óski eftir menntun og sé það gert á forsendum þess að það nýtist stofnun.

**25 – 75 % hlutagreiðsla Fjarðabyggðar**

**Laun, ferðakostnaður og þáttökugjöld.**

Nám getur talist starfstengt í víðum skilningi en er ekki forgangsmál. Stjórnandi mælir með menntun, og sviðsráð samþykkir. Starfsmaður sækir til starfsmenntunarsjóðs síns félags um framlag.

**Engin greiðsla Fjarðabyggðar.**

Nám er ekki í tengslum við núverandi starf og verður ekki séð að það nýtist stofnun. Launagreiðslur falla niður vegna fjarveru ef námskeið er í vinnutíma. Stjórnandi stofnunar leitar leiða eftir tilvikum til gera starfsmanni kleift að sækja nám. Vari nám lengur en mánaðartíma verður að sækja um launalaust leyfi til bæjarráðs.

GJ 10/12/2005

**Skipting  
á símenntunarpotti og markmið bæjarstjórnar  
á árinu 2006**

**Áherslur 2006**

Áherslur bæjarstjórnar á árinu 2006 liggja í (fá tillögur að markmiðum)

- a) Stjórnendur: Haldin verði stjórnendanámskeið sem miði að því að bæta þekkingu stjórnenda á því að afla upplýsinga úr upplýsingakerfum sveitarfélagsins. Horft verði sérstaklega til þess að bæta aðgengi stjórnenda að upplýsingakerfum sveitarfélagsins á árinu og því fylgt eftir með námskeiðum og handleiðslu.
- b) Starfsmenn: Stofnanir geri hver fyrir sig úttekt á þekkingu og færni starfsmanna í notkun tölvu- og hugbúnaðar sem aðallega er nýttur í starfsemi þeirra. Stofnanir með skylda starfsemi beri saman niðurstöður úttektar og sameinist um kaup á námskeiðum til að bæta færni starfsmanna.
- c) Starfsmenn: Í öllum uppeldisstofnunum verði sérstök áhersla lögð á að byggja upp þekkingu allra starfsmanna til að taka á eineltismálum. Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs hafi forgöngu um að skoða stöðu þessara mála í stofnunum.

## **Fjármagn 2006**

Heildarfjármagn áætlað árið 2006 til námskeiða, kynnis- og ráðstefnuferða nemur 7.363.950 kr. og er þeim fjármunum ráðstafað skv. reglum til A-hluta stofnana Fjarðabyggðar.

Endurmenntun sem skilgreind er samkvæmt símenntunaráætlun og hefur verið staðfest á sér stað í vinnutíma sbr. ákvæði flestra kjarasamninga. Stjórnendur stofnana hafa þegar ákveðnar heimildir í starfsmannahaldi samkvæmt fjárhagsáætlun ársins og skipuleggja símenntun samkvæmt henni. Hafa ber í huga að innifalið er í ákveðnum kjarasamningum tími til endurmenntunar, sbr. kjarasamningur grunnskólakennarar ofl.

### **Skipting á símenntunarpotti 2006**

Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna í a-hluta er um 300. Skiptingu á símenntunarpotti verður með þessum hætti:

- Til þjálfunar og námskeiða samkvæmt yfirmarkmiðum bæjarstjórnar 1.000.000
- Til útdeilingar til stofnana samkvæmt símenntunaráætlunum 5.936.950
- Til útdeilingar til einstaklingsbundinnar menntunar 400.000

Úthlutun til einstaklinga vegna einstaklingsbundinnar menntunar fari fram skv. gildandi reglum þar um og er staðfest af sviðsráði. Úthlutanir til stofnana vegna yfirmarkmiða bæjarstjórnar og tillagna forstöðumann fari í gegnum sviðsráð.

**Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar**

**Fimmtudaginn 15. desember 2006**

## **Reglur Fjarðabyggðar um styrki til einstaklingsbundins náms**

Í samræmi við áherslur Fjarðabyggðar í endurmenntun og starfsþróun starfsmanna sinna veitir sveitarfélagið styrki til endurmenntunar sem fellur utan skipulagðra símenntunaráætlana stofnana. Áherslur sveitarfélagsins á sviði endurmenntunar liggja í því að menntun skili starfsmönnum og stofnunum sveitarfélagsins ávinningi.

### **1. gr.**

#### ***Fjármögnun***

Bæjarstjórn veitir á fjárhagsáætlun hvers árs óskiptum fjármunum til ráðstöfunar í sjóð sem starfsmenn geta sótt í.

### **2. gr.**

#### ***Skilyrði***

Skilyrði sem sett eru fyrir úthlutun eru að nám geti talist starfstengt í víðum skilningi en er ekki forgangsmál. Yfirmaður viðkomandi þarf að mæla með menntuninni. Starfsmaður sækir jafnframt til starfsmenntunarsjóða félaga um framlag og fær úthlutun. Fjarðabyggð greiðir 25 til 75% kostnaðar, m.t.t. launa, ferðakostnaðar og þátttökugjalda, eða meðan fjárheimildir endast. Hámarksúthlutun á hvern starfsmann er 30.000 kr. á árinu 2006.

### **3. gr.**

#### ***Kvaðir***

Heimilt er að binda stuðning Fjarðabyggðar við umfangsmeira nám einstakra starfsmanna skilyrði um áframhaldandi starf hjá sveitarfélaginu að námi loknu og/eða miðlun þekkingar meðal annarra starfsmanna.

### **4. gr.**

#### ***Úthlutun***

Sviðsráð fer yfir umsóknir, metur áherslur þeirra og úthlutar styrkjum til starfsmanna.

***Samþykkt í bæjarráð 2. febrúar 2004 og staðfest í bæjarstjórn.  
Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri***

